

Mikla móðir 8: Karlvígslan

Franski heimspekingurinn, Simone de Beauvoir (1908 – 1986), mikilvægasta fræðamóðir kvenfrelsaranna, sagði eins og frægt er orðið eitthvað á þá leið, að konur væru ekki fæddar konur heldur væru steypar í það mót. Það má líklegt teljast, að hún hafi átt við þann hluta kynferðis, sem felst í samsemd og hlutverki.

Lærisveinkur hennar halda því nú fram með niðurrifskeninguna (deconstruction) að vopni, að í raun sé kyn ekki til, nema sem breytilegt hugarfóstur. Þessi bábilja er reyndar víða kennd í skólum á Vesturlöndum. Ofbeldi karla sé því um að kenna, að konur séu vansælar með kyn sitt og hlutskipti.

Simone gaf ekki gaum að kynvígslunni (initiation). Nefnir hana ekki einu orði (eftir því sem ég best fæ séð) í hinu mikla verki sínu; ”Síðra kyninu” (Le deuxième Sexe). Það kemur á óvart. Á ritunartíma bókarinnar var nægum heimildum til að dreifa. Og merkan mannfræðing, Claude Levi-Strauss (1908-2009) átti hún að vini. Hefði Simone gert sér þá fyrirhöfn að kanna málið, hefði hún vafalaust komist að því, að eiginleg kvenvígsla sé fátíð og ofbeldissnauð, en karlvígsla aftur á móti snar þáttur í þjálfun til karlmennsku, ósjaldan með ofbeldi. Drengir, sem ekki standast eldraun vígslunnar, verða aldrei karlar í krapinu. Vígsla drengja til karlmennsku á sér venjulega stað frá um sex ára aldur.

Í bók sinni, Sögu uppruna vitundarinnar“ (Ursprungsgeschichte des Bewusstseins – The Origins and History of Consciousness), sem kom út árið 1949, gerir Erich Neumann (1905-1960) efninu hins vegar góð og hyggileg skil með fræðilegum þunga. Drengurinn verður að losna úr viðjum eða heljarfaðmi Miklu móður til að geta þroskast eðli sínu samkvæmt. Erich segir m.a.:

„Það er einkennandi staðreynd, að vígslusiðir á gelgjuskeiði hafa í upphafi sammerkt: Karlleg samstaða stuðlar að því, að spyrna við Miklu móður.“

„Ummyndun er takmark vígslunnar hvarvetna ... frá vígslusiðum á gelgjuskeiði til trúarlegrar dulúðar. Allir miða siðirnir að því að skapa hinn andlega karl. Þessi æðri karl hefur til að bera vitund eða eins og sagt er við tíðagerð, æðri vitund. Fyrir tilstilli hans verður til reynsla samhygðar í hinu andlega og í hinni háleitu veröld. Það er allt að einu, hvort er um að ræða upphafningu eða að vígslusveinninn sé tekinn í tölu Guðs barna eða verði hinn ósigraði sólguð (sol invictus) eða hetja, sem umbreytist í stjörnu eða engil á himni eða hvort hann samsamar sig tákmynd (totem) forfeðranna. Í öllu tilliti er stofnað til bandalags við himna, ljós og vind, alheimstákn andans, sem ekki er af jörðu kominn og enga líkamslögun hefur og er fjandi líkamans.“

„Vígslusiðirnir ... umsveipa ungu karlana verndaranda karlheimsins. [Þeir] endurfæðast börn andans fremur en móðurinnar; þeir eru synir himna, en ekki jarðarinnar einvörðungu. Hin andlega endurfæðing táknað burð hins „æðri karlmanns“, sem jafnvel á frumstigi tengist vitund, sjálfi og viljastyrki. Þannig er tilkomin grundvallartenging hins himneska og karlmenskunnar.“

„Það má einu gilda, hvort þessi „himinn“ geymi ótakmarkað „afl“ eða birtist í líki fyrirbæra – anda, forfeðra, tákndýra (totem), guða. Öll eru þau birtingarmyndir hins karllega anda og veraldar karla, og þau gefa sig til kynna við nýgræðinginn með ofbeldi eða án, þegar hann skilur við veröld mæðranna.“

„Í [endurfæðingunni] er fólgin „hin æðri starfsemi“ ásetnings, rýndrar (conscious) þekkingar og tilætlaðar (conscious) sköpunar, sem er frábrugðin blindri framrás dulvitaðra afla. Og það er

nákvæmleg þess vegna, að til karlmanns (individual) – ekki einungis í samræmi við „eðli“ hans, heldur einnig á grundvelli félagslegra og sálarlegra tilhneinginga – er gerð krafa um að bregðast við sem ábyrgt sjálf. Vígsla til samfélags karla er ævinlega tengd prófun og styrkingu vitundarinnar, [tengd því] sem með goðsögulegu orðalagi mætti lýsa sem „fæðingu hinnar æðri karlmennsku.“

“Eldur og önnur tákni um árvekni og snerpu eru grundvallarþættir vígslunnar. Unga nýgræðingnum er uppálagt að „vera á verði og halda vöku sinni“, þ.e. að hefa sig yfir líkamann og spyrna við (inertia) dulvitundinni með því að heyja baráttu við þreytuna. Það að halda vöku sinni og hrista af sér óttann, þola hungur og sársauka, eru allir grundvallarþættir við styrkingu sjálfsins og þjálfunar viljans.“

„Þannig er leiðsögn og vígsla jafn snarir þættir í tileinkun hefðbundins fróðleiks [um heim karlanna] og sannanir um styrk viljans, sem láta verður í té. Mælikvarði karlmennsku er óbilandi viljastyrkur, að vera reiðubúinn og hæfur til að verja sjálfið og vitundina, ef í harðbakkann slægi, og hafa stjórn á dulvituðum hvötum og barnslegum ótta.“

„Það má einu gilda, hvort þessi „himinn“ geymir ótakmarkað „afl“ eða birtist í líki fyrirbæra – anda, forfeðra, tákndýra (totem), guða. Öll eru þau birtingarmyndir hins karllega anda og veraldar karla, og þau gefa sig til kynna við nýgræðinginn með ofbeldi eða án, þegar hann skilur við veröld mæðranna.“

Upplausn fjölskyldunnar, deig og kvenmiðuð karlmennska, ásamt fjarveru feðra og karla úr lífi barna, er verulegt áhyggjuefni, og skýrir vafalítið að hluta þær ógöngur, sem samfélagið hefur ratað í. Hin föðurlega leiðsögn og handleiðsla er bráðnauðsynleg í uppeldi barna.

Nýfætt barn hjá tyrknesku ættflokki steppunnar í Asíu voru boðin velkominn í heiminn með orðunum; vonandi áttu eftir að alast upp hjá bæði föður og móður þinni. Í Afríku var föðurlausri fjölskyldu jafnað við hús án þaks. Á Íslandi og á Vesturlöndum getur stór hluti barna ekki vænst þess að eiga föður sinn að.